

Fimmtánda fundur nefndar. Haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 04.06.2019.  
Fundur hófst kl. 11:35.

**Fundinn sátu:** Vilhjálmur Árnason, Óli Halldórsson (formaður), Líneik Anna Sævarsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Steinar Kaldal.

**Gestir:** Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, Sigríður Svana Helgadóttir og Hafsteinn S. Hafsteinsson lögfræðingar á skrifstofu landgæða, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (UAR).

**Forföll boðuðu:** Margrét Hallgrímsdóttir, Halldóra Mogensen, Bergþór Ólason, Steingrímur J. Sigfússon, Valtýr Valtýsson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Hanna Katrín Friðriksson, Inga Sæland.

**Fundagerð ritaði:** Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

#### **Þetta gerðist:**

##### **1. Kynning - Vatnajökulsþjóðgarður**

Framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, Magnús Guðmundsson, kynnti starfsemi þjóðgarðsins með áherslu á stjórnfyrirkomulag og rekstrarsvæði þjóðgarðsins og svaraði spurningum nefndarfólks.

##### **2. Kynning – lagabálkar þjóðgarða, náttúruverndarlög og frumvarp um þjóðgarðastofnun**

Lögfræðingar UAR, Sigríður Svana Helgadóttir og Hafsteinn S. Hafsteinsson, fóru yfir helstu atriði í lagaumhverfi íslensku þjóðgarðanna; s.s. náttúruverndarlög, sérlög um Þjóðgarðinn á Þingvöllum, sérlög um Vatnajökulsþjóðgarð. Einnig kynntu þau vinnu við frumvarp til laga um þjóðgarðsstofnun og markmið þess. Lögfræðingarnir svöruðu spurningum nefndarfólks um efnið, m.a. um samhengi vinnu nefndarinnar um tillögu að lagafrumvarpi um hálendisþjóðgarð og framvindu fyrrgreinds frumvarps um þjóðgarðastofnun.

##### **3. Umræður nefndar**

Nefndarfólk ræddi næstu skref varðandi frumvarpsvinnu um hálendisþjóðgarð. Nefndinni er gert samkvæmt erindisbréfi sínu að vinna tillögu að lagafrumvarpi fyrir hálendisþjóðgarð. Óvissa er uppi um þessar mundir um framvindu starfa á Alþingi. Ekki liggur fyrir hvenær frumvarp um þjóðgarðastofnun verður afgreitt á Alþingi né hvernig það mun líta út eftir meðferð þingsins.

Nefndin telur í því ljósi óraunhæft að byggja vinnu eða tillögur sínar á frumvarpi um þjóðgarðastofnun. Nefndin mun því vinna tillögur sínar út frá því lagaumhverfi sem gildandi er og þeim kostum á lagasetningu sem það býður upp á. Áhersla verði þannig á þau efnisatriði sem taka til hálendisþjóðgarðs sérstaklega og þeirra áhersla sem nefnd telur nauðsynlegar inni í slíkt frumvarp, m.a. miðað við áður framkomnar

áherslur nefndar í fyrri verkefnum hennar. Í fram komnum tillögum nefndar um mörk þjóðgarðsins er gert ráð fyrir því að Vatnajökulsþjóðgarður falli innan marka nýs þjóðgarðs á miðhálandinu sem að óbreyttu mun knýja á um breytingar í löggjöf þar sem sérlög gilda nú um Vatnajökulsþjóðgarð (lög nr. 60/2007 m.s.br.).

Formanni nefndar og verkefnastjóra er falið að vinna málið áfram á þessum grunni. Haft verði áfram samráð við UAR við útfærslu þessa verkþáttar nefndarinnar.

**Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 13:05.**